



## Fundur með Árgangafulltrúum Myllubakkaskóla

Mánudaginn 5. Nóvember, kl. 17:30

### Fundargerð

#### Farið var yfir eftirfarandi atriði.

##### **1. Stutt erindi stjórnar FFM:**

1. Stjórn FFM kynnt stuttlega.
2. Áherslur fyrir þetta skólaár.

##### **2. Helstu áhersluatriði FFM :**

1. Efling samskipta foreldra, barna og starfsfólks Myllubakkaskóla.
2. Árvissir atburðir – (Jólafondur, Blóm fyrir útskriftarhóp, Fyrirlestrar, Framlag til vorferðar, Jólagjafir ofl).
3. Ný nálgun: Skipun árgangafulltrúa í stað bekkjarfulltrúa – af hverju? (Eddi).

##### **3. Umræður – hugmyndir að samverustundum ofl.**

Rætt var um með hvaða hætti samverustundum verður komið á í hverjum árgangi. Ýmislegt er þegar komið í gang hjá nokkrum árgöngum og verður farið yfir samverustundir á **næsta fundi árgangafulltrúa og FFM, sem haldinn verður mánudaginn 21. janúar 2013.**

Fyrirkomulag jólagjafa á litlu jólum var rætt og ákveðið að hver og einn árgangur sjái um að ákveða hvað og hvar verður keypt. Almenn ánægja með fyrirkomulagið sem rætt var um, en það gengur út á sameiginleg innkaup á jólagjöfum fyrir hvern árgang, m.a. til að tryggja jafnvægi í stærð gjafa og að allir fái pakka.

Gunnar mun tryggja að jólafondur rati inn á viðburðadagatal skólans, athugar með heildsölur fyrir jólagjafir og kannar með jólasveininn fyrir föndrið.

Eddi gerði grein fyrir áherslum í skólastarfi og góðri útkomu Myllubakkaskóla í samræmdum prófum.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 19:00

F.h. FFM

Gunnar Ellert Geirsson, formaður.